

Ed.

814. Breytingartillögur

[49. mál]

við frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóður og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefna einn fulltrúa hvert í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa sameiginlega.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

2. Við 17. gr. Fyrsti másl. fyrri mgr. orðist svo: Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.